

Leiðbeiningar fyrir leikmenn

Skorkort, ritarar, Mitt skor, holukeppni, safnmót og Draumahringurinn.

Nýjustu atriði í þessari útgáfu

- Einriðla holukeppni: einn riðill þar sem allir mæta öllum.
- Raða umferð: vinna með eina umferð í einu, mætingu, gesti og rástímaholl.
- 3 manna holl: velja má einn leik + safnhring, einn keppir við tvo, eða allir á móti öllum.
- Ritarar: leikmenn geta skiptst á að rita eða einn ritari skráð fyrir allt hollið.
- Draumahringurinn: persónulegur draumahringur og hópáskoranir.

Skorkort í síma

Leikmaður fær magic-link í tölvupósti og opnar skorkort beint í símanum. Þar er hægt að skrá högg og pútt með + / - hnöppum.

Mikilvægt að muna

- Engin flókin innskráning á vellinum.
- Autosave hjálpar ef netsamband er misjafnt.
- Pútt birtast ef mótið notar púttskráningu.

Ef þú ert ritari

Ef þú ert ritari sérðu hvaða leikmann þú átt að skrá fyrir, eða ef mótið notar einn ritara fyrir hollið getur þú skráð allt hollið á einum stað.

Mikilvægt að muna

- Skráðu högg og pútt eftir hverja holu.
- Staðfestu skorið þegar hring er lokið.
- Leikmaður getur síðan samþykkt sitt skorkort.

Mitt skor

Í sumum mótum getur leikmaður skráð sitt eigið viðmiðunarskor samhliða ritaranum. Þetta fer ekki inn sem opinbert skor heldur hjálpar til við að grípa ósamræmi strax.

Mikilvægt að muna

- Viðvörðun kemur aðeins ef bæði ritari og leikmaður hafa skráð skor og þau passa ekki.
- Ef mótsstjórn hefur slökkt á Mitt skor birtist þessi rammi ekki.
- Pútt eru borin saman ef púttskráning er virk.

Holukeppni

Í holukeppni getur leikmaður verið í frjálsri holukeppni, einriðla holukeppni þar sem allir mæta öllum eða margriðla holukeppni. Mótsstjórn raðar hverri umferð eftir mætingu.

Mikilvægt að muna

- Rástími og holl birtast í skorkortspósti.
- Gestir geta fyllt holl án fulls hópaðgangs.
- Stakur safnhringur getur talið í safnmóti þó hann telji ekki í holukeppni.

Safnmót og Draumahringurinn

Safnmót sýnir stöðu yfir tímabil þar sem bestu úrslit telja. Draumahringurinn sýnir besta skor leikmanns á hverri holu á völdum velli og tímabili.

Mikilvægt að muna

- Fylgstu með hvaða holur þú átt eftir að sigra.
- Draumahringur er persónuleg áskorun og hefur ekki áhrif á mótsstöðu nema hópur stofni sérstaka keppni.
- Hóp-Draumahringur er frábær fyrir golfferðir.

Samþykkt skorkorta

Eftir ritara-skráningu getur leikmaður fengið link til að yfirfara og samþykkja skorkortið sitt. Ef eitthvað er rangt skal láta mótsstjórn eða ritara vita strax.

Mikilvægt að muna

- Samþykktu aðeins þegar skorið er rétt.
- Ef ósamræmi kemur upp á vellinum er best að leysa það strax.
- Mótsstjórn getur enduropnað ef þarf.